

FRÉTTABRÉF VEIÐIFÉLAGS JÖKLU

Pistill formanns

Jökla kom vel út sem laxveiðia sumarið 2025 og var í toppsætum alveg þangað til yfirfallið brast á í byrjun ágúst. Veiðin sýndi að stofn árinna styrkist með hverju ári og árlegar seiðarannsóknir staðfesta það. Þau tíðindi gerðust að loksins veiddust laxar fyrir ofan Tregluhyl og annar þeirra 10 km ofar í ánni, fyrir landi Eiríksstaða. Hreistursýni sýndi að hrygnan sú var búin að vera tvö ár í sjó, af náttúrulegum uppruna og að líkindum uppalin ofar í ánni en hún veiddist.

Starfsemi veiðifélagsins þetta starfsárið hefur verið svipuð og hin fyrri ár. Endurskoðun arðskrár var stærsta málið sem stjórnin tókst á hendur. Það verkefni var sett í hendurnar á Skarphéðni Smára Þórhallssyni hjá Logg ehf. sem aðstoðaði félagið við gerð fyrstu arðskrár. Byggði hann vinnuna á þeim góða gagnagrunni sem gerður fyrir tíu árum. Þær 2000 einingar sem geymdar voru þá fyrir uppeldisskilyrði voru nú metnar inn og þeim deilt niður á jarðir út frá mati sérfræðinga Hafrannsóknastofnunar á framleiðslueiningum ólíkra hluta Jöklu og hliðaráa. Einingar fyrir veiði á laxi og silungi voru uppfærðar til 2025 en annað stóð óbreytt.

Ný arðskrá var send út til allra veiðiréttarhafa með tilheyrandi upplýsingum fyrir aðalfund. Hún var síðan samþykkt á aðalfundi með fullnægjandi atkvæðafjölda. Það er von stjórnar að gagnsæir útreikningar fyrir hverja jörð leiði til þess að ekki komi til matsgerðar þó að hver félagsmaður hafi tvo mánuði frá aðalfundi til að óska eftir slíku. Vonandi getur ný arðskrá því tekið gildi í haust.

Á aðalfundinum var gerð smávægileg breyting á 7. gr. samþykkt félagsins til að uppfæra hana í takt við reglugerðarbreytingu. Sú breyting þýðir að ekki þarf lengur að boða félagsfundi þar sem breyta á samþykktum eða ráðstafa veiði með ábyrgðarbréfi, aðeins skriflega með tryggilegum hætti. Þetta gerir veiðifélaginu kleift að draga úr kostnaði við fundarboðun og mun stjórn safna netföngum hjá veiðiréttarhöfum til að framvegis verði hægt að boða félagsfundi með tölvupósti.

Framundan er gott veiðisumar þar sem líkur eru á að yfirfall komi ekki fyrr en í september. Grillsamvera verður að þessu sinni sunnud. 28. júní kl. 15:30. Ekki væri verra ef að landeigendur gætu þar glaðst yfir dugnaði sínum og deilt reynslu úr tiltekt eða um lagfæringar á aðgengi.

Ég vil að lokum þakka stjórn, veiðiréttarhöfum, leigutaka og öðrum fyrir gott samstarf. Á næsta ári verða 20 ár frá því veiði hófst eftir virkjun við Kárahnjúka. Jökla er orðin fræg sem veiðia og á mikið inni enn. Það er því bjart framundan hjá veiðifélaginu og veiðiréttarhöfum.

Þorvaldur P. Hjarðar, formaður stjórnar



Bresk veiðikona með fallegan lax á Nesbreiðu í júlí 2025. Mynd frá Strengjum.

Frá aðalfundi veiðifélagsins 2026

Aðalfundur Veiðifélags Jökulsár á Dal var haldinn í Brúarásskóla sunnudaginn 31. maí. Hann sóttu 30 manns að gestum meðtöldum. Fundarmenn fóru með atkvæðisrétt 56 veiðiréttarhafa af 74, þar af voru umboð 39.

Helstu niðurstöðutölur ársreiknings 2025:

Tekjur	9.965.803 kr.
Gjöld	2.754.591 kr.
Fjármagnsliðir	152.174 kr.
Rekstrarafgangur	2.906.765 kr.
Eigið fé í árslok	14.519.084 kr.

Arðgreiðsla vegna ársins 2025 nam 70% af leigutekjum. Á aðalfundinum var samþykkt að

halda því hlutfalli fyrir árið 2026. Gott útlit er á að leigutekjur í ár verði álíka miklar og 2024 þar sem líkur eru á að yfirfall komi seint.

Kosið var um tvö sæti í stjórn félagsins til 3ja ára. Gestur Hallgrímsson og Skúli Björn Gunnarsson gáfu kost á sér til endurkjörs og önnur framboð voru engin. Varamenn til eins árs voru endurkjörnir: Agnar Benediktsson (1.), Þorsteinn P. Gústafsson (2.) og Stefanía Karlsdóttir (3.). Engar breytingar urðu á nefndaskipan eða skoðunarmönnum.

Ný arðskrá var samþykkt og breyting á samþykktum. Greint er frá því á öðrum stað.

Fundargerð og ársreikning er hægt að skoða á heimasíðu félagsins, www.jokla.org.

Laxveiðin og seiðasleppingar 2006-2025

Ár	Laxveiði Jökla	Laxveiði Laxá	Laxveiði Kaldá	Laxveiði Fögrh.á	Laxveiði Alls	Fjöldi gönguseiða	Sumaralin smáseiði	1 árs smáseiði
2006					0	4.000		
2007	12	15	75	20	122	40.000		
2008	56	48	59	22	185	41.000	7.000	
2009	35	128	93	63	319	42.700	42.000	
2010	96	91	118	44	349	67.000	25.550	35.000
2011	293	83	131	58	565	55.800	27.050	6.600
2012	177	40	119	49	385	66.100		22.500
2013	282	48	55	26	411	68.000		38.000
2014	186	36	50	34	306	69.500	44.000	21.000
2015	605	61	65	85	816	26.000	23.500	41.600
2016	372	20	82	100	574	33.650		49.000
2017	250	29	37	34	350	28.200	52.400	61.050
2018	410	73	31	14	528	23.000		105.600
2019	311	54	16	13	394	27.000		93.000
2020	824	23	13	10	870	24.000		51.200
2021	504	19	12	8	543	36.500		55.235
2022	764	17	18	3	802	40.000		34.200
2023	465	27	27	5	524	53.400		38.200
2024	1075	39	48	4	1166	35.284	21.588	3.600
2025	810	45	78	22	955	31.000	25.000	
Alls	7527	896	1127	614	10164	812.134	268.088	655.785

NÝ ARÐSKRÁ VEIÐIFÉLAGS JÖKULSÁR Á DAL

Valþjófsstaður	3,25	Sleðbrjótur 2	88,42
Aðalból	180,72	Hlíðarhús	78,43
Laugavellir	9,06	Fagrahlíð	32,14
Brú 1	106,45	Bláeyri	32,14
Brú 2	106,45	Hnitbjörg	47,10
Eiríksstaðir	168,73	Árteigur	24,01
Grund	24,66	Torfastaðir	24,46
Breiðilækur	20,70	Hólmatunga	70,51
Hákonarstaðir 1	18,32	Eyjasel	98,05
Hákonarstaðir 2	18,32	Vaðbrekka	207,04
Hákonarstaðir 3	18,32	Skriðuklaustur	207,99
Langagerði	60,63	Klaustursel	134,32
Arnórsstaðir 3	61,30	Arnarhóll	21,78
Arnórsstaðir 1 & 2	124,21	Merki	88,54
Gilsá	35,69	Arnórsstaðapartur	38,45
Skjöldófsstaðir 2	17,61	Gauksstaðir	461,82
Skjöldófsstaðir 1	242,28	Skuggahlíð	191,50
Hjarðarhagi	240,97	Mælivellir	75,63
Hjarðargrund	22,30	Hnefilsdalur 1	113,86
Hofteigur	494,61	Hnefilsdalur 2	113,86
Hvanná 2	198,91	Smáragrund	74,95
Hvanná 1	67,58	Skeggjastaðir	315,89
Hvanná 3	67,58	Refshöfði	90,37
Hauksstaðir	792,57	Teigasel 2	756,24
Hrófsstaðir	131,57	Teigasel 1	30,60
Selland	165,75	Gil	165,82
Fossvellir 1	146,61	Hrúthamrar	143,88
Fossvellir 2	158,79	Blöndugerði	97,96
Hrafnabjörg 1	81,49	Blöndubakki	371,33
Hrafnabjörg 2	75,86	Stóri-Bakki	14,77
Hrafnabjörg 3	38,02	Árbakki	26,63
Hrafnabjörg 4	97,55	S.B.félagsræktun	24,36
Hallgeirsstaðir	288,52	Litli-Bakki	391,07
Vörðubrún	138,57	Hrærekslækur	108,61
Surtsstaðir	105,92	Galtastaðir út	187,82
Breiðamörk 1	57,71	Geirastaðir 2	31,10
Breiðamörk 2	57,71	Húsey 1	142,42
Sleðbrjótur 1	88,42	Húsey 2	142,42
		Einingar samtals	10.000

Ný arðskrá

Á aðalfundi 2025 var samþykkt að ráðast í endurskoðun arðskrár og leggja fram nýja á aðalfundi 2026 þar sem búið yrði að bæta við 2000 einingum vegna uppeldisskilyrða og uppfæra einingar vegna veiði.

Stjórn samdi við Logg ehf. um að vinna upp nýja arðskrána út frá heildarveiðitölum allt til 2025 og niðurstöðum sérfræðinga Hafrannsóknastofnunar varðandi botngerð og framleiðslugildi ólíkra árkafla í Jöklu og þverám. Einingar vegna bakkalengdar og vatnsmagns eru óbreyttar.

Með aðalfundarboði var sent skjal varðandi hverja fasteign ásamt töflu sem sýndi útreikning fyrir allar jarðir og niðurstöðu um nýjan fjölda eininga og núverandi fjöldi sýndur til samanburðar. Nær allar jarðir hækkuðu enda verið að bæta 2000 einingum við þær 8000 sem deilt var á jarðir 2017.

Á aðalfundinum 31. maí var arðskráin rædd og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum. Lögum samkvæmt þarf 2/3 atkvæðisbærra félagsmanna til að gera breytingar á samþykktum og samþykkja arðskrá. Að umboðum meðtöldum voru greidd atkvæði 56 af samtals 74 sem eru hjá félagsmönnum. Því þarf ekki að boða annan félagsfund.

Arðskráin og tilheyrandi gögn hafa nú verið send til Fiskistofu sem fer yfir hana og staðfestir. Félagsmenn hafa 2ja mánaða málskotsrétt frá aðalfundi til að krefjast mats skv. VII. kafla laga um lax- og silungsveiði. Að þeim tíma liðnum verður arðskráin birt í Stjórnartíðindum og gildir næstu átta árin.

Stjórn og nefndir Veidifélags Jöklu

Stjórn:

Porvaldur P. Hjarðar, Hjarðarhaga
formaður. hjarðar@simnet.is
s. 866-3237

Skúli Björn Gunnarsson, Litlabakka,
ritari. skulibg@simnet.is
s. 860-2985

Halla Eiríksdóttir, Hákonarstöðum 3,
gjaldkeri. hallahakonar@gmail.com
s. 865-0026

Lárus Brynjar Dvalinsson, Vörðubrún
lallid@live.com
s. 860-2162

Gestur Hallgrímsson, Blöndubakka
blondub@simnet.is
s. 895-8929

Varamenn:

Agnar Benediktsson, Hvanná II
Þorsteinn P. Gústafss., Geirastöðum 2
Stefanía Karlsdóttir, Grund

Skoðunarmenn:

Sólrun Hauksdóttir
Ragnar Antonsson
Benedikt Arnórsson, til vara

Kjörbréfanefnd:

Benedikt Arnórsson, Hofteigi
Guðmundur Ólason, Hrólfstöðum
Þorsteinn P. Gústafss., Geirastöðum 2
Varamenn:

Benedikt Ólason, Gauksstöðum
Hallgrímur Þórhallsson, Skriðuklaustri

Ritstjóri og ábyrgðarmaður fréttabréfs
og vefs: Skúli Björn

Heimasíða félagsins er www.jokla.org

**MUNUM að rúllubaggaplast er
bæði skaðlegt náttúrunni og ímynd
veiðiár. RÆKTUM ána okkar líka
með góðri umgengni og hirðusemi!**

Fréttir á vordögum '25

Fyrirsvarsmenn jarða. Gjaldkeri ítrekar, vegna jarða þar sem eigendur eru fleiri en þrír fjárráða einstaklingar, að skylt er skv. jarðalögum að tilnefna einn fyrirsvarsmann jarðarinnar. Þetta er afar mikilvægt vegna samskipta við veiðifélagið vegna arðgreiðslna og annars. Eyðublað fyrir þetta er á jokla.org.

Styrkir vegna framkvæmda hafa verið hækkaðir í 300.000 kr. og styrkhlutfall í 70%. Fylla þarf út eyðublað sem er aðgengilegt á heimasíðunni og senda til Höllu gjaldkera áður en ráðist er í framkvæmdir. Stjórn mun taka umsóknir fyrir jafnóðum og þær berast og hafa til hliðsjónar forgangslista sem unninn er í samráði við leigutaka.

Heimadagar í tiltekt. Stjórn félagsins mælist til að veiðiréttarhafar hugi að heimalöndum sínum þegar þeir hafa tíma, hreinsi rusl við ána og skoði aðgengi eins og hlið og slóða. Það er hagur okkar allra að umhverfi árinna sé eins og best verður á kosið og meira veiðist þar sem aðgengi er gott.

Grillsamvera fyrir veiðiréttarhafa verður sun. 28. júní kl. 15:30 í Hálsakoti í samstarfi við leigutaka. Stjórn veiðifélagsins vonast til að sem flestir mæti til að spjalla um málefni Jöklu með góða samvisku eftir tiltekt í júní.

Ódýr veiðileyfi

Í leigusamningi við Strengi er ákvæði um að veiðiréttarhafar eigi þess kost að kaupa veiðileyfi á verði sem nemur að hámarki 10% af markaðsverði. Þessi veiðileyfi eru ekki seld með meira enn 3ja daga fyrirvara. Stjórn félagsins hvetur félagsmenn til að nýta sér þetta, ekki síst til að kveikja áhuga yngri kynslóða á stangveiði. Áhugasamir snúi sér til Guðmundar veiðivarðar (895-1677) eða Þrastar Elliðasonar (660-6890). Hægt er að skrá sig á lista hjá þeim til að fá tilkynningar þegar stangir losna. Lítið er bókað á efsta og neðsta svæði Jöklu og mikilvægt að fá meiri veiðireynslu þar.